





# Stefna í námi barna af erlendum uppruna

FRÆÐSLUERINDI 23. APRÍL 2018

BRATTI, HÍ



## Vinnuhópur

- Anna Rós Bergsdóttir – Hafnarfirði
- Þórdís Helga Ólafsdóttir – Hafnarfirði
- Krístrún Sigurjónsdóttir – Hafnarfirði
- Ólöf Kristín Einarsdóttir - Hafnarfirði
- Sigrún Lilja Jónasdóttir - Reykjavík
- Ragna Óladóttir – Kópavogi
- Elena Martínez Pérez– Mosfellsbæ
- Ýr Þórðardóttir- Mosfellsbæ
- Ragnheiður Valgerður Sigtryggisdóttir - Reykjavík

## Námsferð til Norðurlandanna

- Haustið 2017 var farin 5 daga námsferð Norðurlandanna á vegum verkefnisins Supporting literacy and integration of bilingual students.
- Samband íslenskra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu stóð fyrir ferðinni sem var fjármögnuð af Erasmus+ menntaverkefni Evrópusambandsins.
- Á þriðja tug kennara tók þátt í ferðinni, einn hópur fór til Svíþjóðar, annar til Danmerkur og sá þriðji til Noregs.
- Þau sveitarfélög sem tóku á móti hópunum voru Malmö, Kaupmannahöfn, Hörsholm, Roskilde, Osló, Bærum og Hamar.
- Markmið ferðarinnar var að kynnast starfsháttum á Norðurlöndum varðandi móttöku og skipulagningu náms og kennslu barna af erlendum uppruna.

## Skipulag varðandi móttöku

Í öllum sveitarfélögum sem heimsótt voru var ákveðnum verkferlum fylgt varðandi móttöku nýkominna barna.

Það var hins vegar mismunandi eftir sveitarfélögum hvaða stefnu og verklag þau höfðu sett sér og hvaða úrræði voru í boði fyrir nemendur.

Í stærri sveitarfélögum/borgum s.s. Kaupmannahöfn, Malmö og Osló eru staðsettar tungumálamiðstöðvar sem eru fyrsti viðkomustaður barna sem eru nýkomin til landsins.

Í tungumálamiðstöðunum er lagt stöðumat fyrir nemendur þar sem fyrri þekking þeirra og reynsla er metin svo og staða í læsi og talnaskilningi. Þar sem ekki eru tungumálamiðstöðvar fer stöðumatið fram í móttökuskólum eða almennum skólum.

Út frá niðurstöðum stöðumats er ákveðið hvaða stuðning nemandinn þarf og hvaða skólaúrræði hentar honum best í byrjun. Í sumum tilfellum fara nemendur í tímabundin móttökuúrræði s.s. nokkurra vikna kennslu í grunnorðaforða og samfélagsfræðslu eða móttökubekki en aðrir fara beint í almennan bekk með viðeigandi stuðningi.

## Tungumálamiðstöðin í Malmö

- Miðstöðin rekur skóla fyrir erlenda nemendur, Mosaikskolann. Allir nýkomnir nemendur fara í stöðumat í skólanum og fá kennslu í sænsku sem öðru máli. Foreldrar fá einnig fræðslu um sænskt skólakerfi
- Það fer eftir aldri nemenda hversu lengi þeir eru í skólanum en elsti árgangurinn fer ekki í almennan skóla heldur fær undirbúning fyrir framhaldsskóla í Mosaikskolan.
- Miðstöðin veitir skólum ráðgjöf og stuðning varðandi skipulag náms nýkominna nemenda.
- Miðstöðin heldur utan um og skipuleggur móðurmálskennslu í Malmö.
- Miðstöðin heldur utan um og skipuleggur námsleiðsögn í Malmö (brúarsmiðir).

## Stöðumat

- Í öllum löndunum þemur er tekið stöðumat á nýkomnum nemendum með það að markmiði að átta sig á fyrri þekkingu þeirra og reynslu, læsi og talnaskilningi.
- Sænska stöðumatið er framkvæmt með eftirfarandi hætti:
- Innritunarviðtal skv. móttökuáætlun.
- Stöðumat 1. stig – fyrri þekking og reynsla.
- Stöðumat 2. stig – læsi og talnaskilningur.
- Stöðumat 3. stig - kunnátta í fagreinum, t.d samfélagsfræði.

## Stöðumat



## Stöðumat 1. stig

- Markmið: Styðja skólana í að staðsetja nemendur hvað varðar fyrri þekkingu og reynslu. Niðurstöður matsins auðvelda skólunum að skipuleggja nám nemandans úr frá styrkleikum hans og þörfum.
- Stöðumatið tekur 60 mínútur.
- Forráðamaður alltaf með.
- Túlkun á sterkasta máli nemandans.
- Kanna fyrri þekkingu og reynslu nemandans t.d varðandi tungumála kunnáttu, skólagöngu, styrkleika ofl.

## Dæmi Stöðumat 1.stig

Spurningar til nemandans	Valkvæðar spurningar	Athugið	Athugasemdir	Niðurstöður og skipulag
<p>Skólinn vill vita hvaða tungumál þú kannst svo að þú fáiir tækifæri nota þekkingu þína og tungumálakunnáttu. Svo mig langar að spyrja:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Hvaða tungumál kannst þú?</li> <li>Hvernig hefur þú lært þau?</li> <li>Hvernig notar þú þau?</li> <li>Hvaða tungumál finnst þér léttast að nota?</li> <li>Kannstu að lesa og skrifa á fleiri en einu tungumáli? Ef já, hvaða?</li> <li>Kannstu ensku?</li> <li>Í hvaða aðtæðum notar þú ensku?</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hvaða tungumál lærðir þú fyrst?</li> <li>Hvaða tungumál hefur þú lært síðan?</li> <li>Hvaða tungumál hefur þú notað mest?</li> <li>Hvar og hvenær hefur þú notað málið t.d heima, í tölvuleikjum eða með vinum?</li> </ul>	<p>! Athugið hvaða mál getur nýst best fyrir</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stig 2 – læsi</li> <li>Móðurmálskennslu</li> <li>Kennslu í þriðja máli t.d frönsku, þýsku ofl.</li> </ul> <p>! Athugið hvort nemandinn notar tungumálið/málin bæði í tali og ritmáli.</p> <p>! Athugið hvort nemandinn hefur fengið kennslu í ensku og hvernig hann notar ensku</p>		<p>Kennsla í (krossið):</p> <ul style="list-style-type: none"> <li><input type="checkbox"/> Enska</li> <li><input type="checkbox"/> Þriðja mál</li> <li><input type="checkbox"/> Móðurmál</li> </ul>


## Stöðumat 2. stig

**Læsi:** kannað hvar nemandinn er staddur á sínu tungumáli/tungumálum í læsi.

Stöðumati í læsi er skipt niður í tvo flokka A og B:

A: Nemandi sem er skammt á veg kominn í lestri og ritun.

B: Nemandi sem er læs og skrifandi.



## Stöðumat 2.stig

- Talnaskilningur: Kannað hvar nemandinn er staddur hvað varðar talnaskilning.
- Stöðumati í talnaskilningi er skipt í tvo flokka A og B eftir aldri:  
A: Nemendur sem eru yngri en 9 ára.  
B: Nemendur sem eru 9 ára og eldri.



## Niðurstöður mats

- Samkvæmt niðurstöðum mats fá skólarnir einstaklingsáætlanir með nemendum og ráðgjöf t.d hvað varðar skiplagningu kennslu, námsefni, tímafjölda sem nemandinn þarf, móðurmálskennslu, brúarsmið á milli mála (studiehandledare) o.fl.

## Stöðumat 3.stig

- Markmið: að kanna kunnáttu nemandans í faggreinum skólans svo sem ensku, sögu, stærðfræði, líffræði o.fl.
- Gefur vísbendingar um fyrri kunnáttu nemandans og grundvöll til að skipulegga nám og kennslu við hæfi nemandans.

## Ein stærð hentar ekki öllum

Börn af erlendum uppruna er mjög breiður nemendahópur hvað varðar bakgrunn, menningu, trúarbrögð, menntun, reynslu o.fl. Á undanförunum árum hefur flóttabörnum með brotna skólagöngu og erfiða reynslu í farteskinu t.d. fjölgað mikið. Einnig hefur fylgdarlausum börnum fjölgað.

Þar sem nemendur af erlendum uppruna hafa mismunandi skólagöngu að baki hafa þeir ólíkar forsendur til náms í nýju landi. Það er því mikilvægt að náms- og félagsleg úrræði sem þeim standa til boða séu fjölbreytt.

Á Norðurlöndunum er skólaúrræði ákveðið á grundvelli stöðumatsins. Nemandinn getur farið í almennan bekk með stuðningi, móttökudeild í sveitarfélaginu, móttökubekk í heimaskóla, nokkurra vikna grunnnámskeið í nýja málinu, sérskóla o.s.frv.

Markmiðið er þó alltaf að nemandinn stundi nám í almennum bekk þegar hann hefur forsendur til og að nám í sérúrræðum vari ekki of lengi.

## Stuðningur sem nemandinn fær

- Námsáætlun þar sem gengið er út frá getu og styrkleikum nemandans og byggir á fyrri þekkingu hans og reynslu.
- Skólaúrræði sem valið er út frá forsendum nemandans.
- Móðurmálskennsla þar sem hægt er að koma því við.
- Markviss kennsla í nýju máli.
- Mikið úrval af námsefni til kennslu annars máls og aðlöguðu námsefni.
- Námsleiðsögn frá kennara sem talar móðurmál nemandans, brúarsmiður.
- Myndað er teymi sem heldur utan um nám og málefni nemenda. Í því sitja annars máls kennari, sérkennari, umsjónarkennari, stuðningsfullrúi, námsráðgjafi og tómstundaráðgjafi.

## Foreldrasamstarf

- Allir fagaðilar sem rætt var við lögðu mikla áherslu á mikilvægi foreldrasamstarfs og leituðu ýmissa leiða til að efla samskipti og samvinnu við foreldra.
- Í sveitarfélögum þar sem reknar eru tungumálamiðstöðvar fengu foreldrar oft fræðslu um skólakerfi viðkomandi lands.
- Í mörgum skólum voru, fyrir utan foreldraviðtöl, haldið foreldrakaffi ca. tvisvar á ári þar boðið var upp á fræðslu, spjall og veitingar. Á þessum viðburðum komu oft aðilar utan skólans s.s. lögregla eða félagsráðgjafar, héldu fræðslu og svöruðu fyrirspurnum.



## Skýrsla Nordic Welfare Centre

- Nordic Welfare Centre gaf nýverið út skýrslu, SCHOOL- A BASIS FOR SUCCESSFUL INCLUSION, þar sem fjallað er um leiðir sem gefist hafa vel á Norðurlöndunum við móttöku, kennslu og aðlögun erlendra nemenda.
- Flóttabörnum hefur fjölgað mjög mikið á Norðurlöndunum síðustu ár. Þessi fjölgun hefur kallað á nýja starfshætti varðandi móttöku og aðlögun flóttabarna með það að markmiði að tryggja sem best virka þátttöku þeirra í samfélaginu.
- Margt af því sem nefnt er í skýrslunni sem bestu leiðir í móttöku rímar vel við þau vinnubrögð sem hópurinn sá í heimsókn sinni til Norðurlandanna.
- Hér að neðan eru taldir upp nokkrir þættir sem huga þarf að þegar móttaka og nám erlendra barna er skipulagt.

## Mikilvægi leik- og grunnskóla

- Leik- og grunnskóli eru mjög mikilvægar stofnanir þegar kemur að aðlögun og þátttöku erlendra nemenda í samfélaginu.
- Móttakan og sá stuðningur sem nemendur fá getur haft mikil áhrif á tækifæri þeirra í framtíðinni.
- Mikilvægt er að kanna fyrri þekkingu, reynslu og styrkleika nemenda.
- Skipuleggja þarf nám og annan stuðning út frá styrkleikum og þörfum nemandans á réttu getustigi.
- Mikilvægt er að hafa háar væntingar til nemandans og horfa frekar til þess sem hann kann en þess sem hann kann ekki.
- Alltaf skal stefnt að virku tvítyngi og virkri þátttöku nemenda í samfélaginu í framtíðinni. (Úr skýrslu Nordic Welfare Centre).

## Mikilvægi móðurmáls og menningar

- Móðurmál og menning eru nátengd sjálfsmynd barna. Börn og foreldrar þurfa að finna að virðing sé borin fyrir menningu þeirra, tungumáli, hefðum og siðum.
- Það hefur sýnt sig að rækt við móðurmál og menningu nemenda hefur jákvæð áhrif á nám, aðlögun og líðan þeirra.
- Mikilvægt er að nemendur fái tilfinningu fyrir því að tilheyra skólasamfélaginu, það er lykillinn að því að þeir nái föttestu í nýju landi.
- Umhverfi og starf leik- og grunnskóla þarf því að endurspegla menningarlegan margbreytileika nemendahópsins.
- Mismunandi bakgrunnur og menning nemenda þarf að vera sýnileg í kennslu og námsumhverfi þeirra.
- Aðstæður þar sem nemendur geta viðhaldið heimamenningu sinni meðan þau læra inn á nýja menningu skiptir miklu máli.
- Sýnileiki margbreytileikans ýtir undir þá tilfinningu nemandans að hann tilheyrir hópnum en sé ekki í jaðarsettur. (Skýrsla Nordic Welfare Centre).

## Mikilvægi foreldrasamstarfs

- Viðhorf og stuðningur foreldra hefur mikil áhrif á líðan nemenda og framfarir þeirra í námi. Gott samstarf við foreldra er því afar mikilvægt.
- Leik- og grunnskóli þurfa oft að hafa frumkvæði að foreldrasamstarfi og hvetja foreldra til samvinnu og samstarfs.
- Foreldrar og erlent starfsfólk leik- og grunnskóla er ómetanleg uppspretta upplýsinga um ýmislegt sem varðar menningu, trú, gildi, siði o.fl.
- Foreldrar geta haft önnur viðhorf og væntingar til skólastarfs en almennt gerist í nýja landinu. Upplýsingagjöf á báða bóga er því mikilvæg og einnig að veita foreldrum hlutdeild í námi barna sinna. (Skýrsla Nordic Welfare Centre).

## Tillögur okkar að úrbótum í málaflokknum

- Skýr stefna ríkis- og sveitarfélaga varðandi málefni barna af erlendum uppruna.
- Sameiginlegt verklag sveitarfélaga varðandi móttöku og nám nemenda.
- Allir nýkomnir nemendur fari í stöðumat, ráðgjöf og þjargir fylgi til kennara.
- Nemendum sé tryggt nám við hæfi á grundvelli stöðumats.
- Nemendum standi til boða móðurmálskennsla.
- Aðalnámsskrá í íslensku sem öðru máli verði endurskoðuð og bætt.
- Sveitarfélög bjóði upp á mismunandi námsúræði.
- Lögð sé áhersla á að byggja upp sérþekkingu á málefnum barna af erlendum uppruna í sveitarfélögum.

## Tillögur okkar að úrbótum í málaflokknum

- Auka þarf útgáfu og fjölbreytni á námsefni í íslensku sem öðru máli.
- Í grunnnámi kennara verði kennsla tví/fjöltýngdra nemenda og fjölmennningarlegir kennsluhættir skylduáfangar.
- Komið verði á fót kennaranámi í íslensku sem öðru máli, ÍSAT kennarar.
- Að tryggt sé að foreldrar fái fræðslu um íslenskt skólakerfi.